

Borgarráð 5. september: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framtíðaruppbyggingu skóla í Laugardal

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um stöðu mála vegna framtíðaruppbyggingu skóla í Laugardal og þeirra sviðsmynda sem voru til skoðunar. Síðast þegar fréttist af málinu þá höfðu þær sviptingar orðið að sviðsmynd 1 átti að varpa fyrir róða fyrir sviðsmynd 4 (afbrigði af sviðsmynd 3) sem mikill meirihluti íbúa og skóla í Laugardal hafði hafnað. Þessar sviptingar komu eins og blaut tuska í andlit íbúa í Laugardal. Viðbrögð létu ekki á sér standa og kallað var aftur eftir umsögnum. Síðan ekki söguna meir.

Greinargerð:

Foreldrafélög skólanna í Laugardal hafa sent frá sér umsagnir og bókanir þar sem m.a. stjórnarsýsla borgarinnar er áttalin og virðingarleysi borgaryfirvalda gagnvart íbúalýðræði. Flokkur fólksins kallar eftir fréttum af málinu, hvar er það statt og hvað er að gerast? Auðvitað er gerð sú krafa að tillaga um sviðsmynd 1 sem valin var af íbúum Laugardals og samþykkt var í borgarráði 2022 verði fylgt. Þess er vænst að horft verði til vilja íbúanna og að ekki verði farið gegn umsögnum sem liggja fyrir frá foreldrum, íbúðaráðum, skólastjórnendum, starfsmönnum og börnum í Laugardal. Þess utan hefur borgaryfirvöldum ekki tekist að sýna fram á breyttar forsendur fyrir þessum umsviptingum.